

Umsögn

um framkomnar athugasemdir um kynningu á áformum um friðlýsingu Goðafoss

Áform um friðlýsingu Goðafoss sem náttúruvættis í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd voru auglýst þann 17. júlí 2019. Auglýsing um áformin var birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar, facebook síðu stofnunarinnar, heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Fréttablaðinu og héraðsblaðinu Hlaupa-stelpunni. Jafnframt var hagsmunaaðilum sent bréf þar sem upplýst var um auglýsinguna, hvar hana var að finna og á hvaða tíma gafst tækifæri til að gera athugasemdir, en fresturinn var til og með 18. september 2019.

Í auglýsingunni kom fram að Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur Rauðár, Ljósavatns og Hriflu og sveitarfélagið Þingeyjarsveit kynnti áform um friðlýsingu Goðafoss í Þingeyjarsveit sem náttúruvættis. Goðafoss er í Skjálfandafljóti í Bárðardal. Hann er einn af vatnsmestu fossum landsins og greinist í tvo meginfossa og nokkra smærri. Ásýnd fossins er fjölbreytileg eftir vatnsmagni, veðurfari og árstíð. Fossinn er 9-17 m hár og um 30 m breiður. Landið við vesturbakka Goðafoss heitir Hrótey, en hún afmarkast af Hróteyjarkvísl sem greinist frá Skjálfandafljóti ofan við Goðafoss, en sameinast fljótinu alllangt neðar. Þjóðsaga segir að Þorgeir Þorkelsson Ljósvefningagoði hafi varpað goðalíkneskjum sínum í fossinn í kjölfar þess að honum hafi verið falið það hlutverk að ná lögsáttum milli heiðinna manna og kristinna, og hann tekið upp nýjan sið. Af þessu á Goðafoss að hafa dregið nafn sitt. Goðafoss er vinsæll ferðamannastaður og þangað kemur fjöldi ferðamanna allan ársins hring.

Friðlýsingaráformin voru kynnt í samræmi við málsmeðferð 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega.

Þau áform sem kynnt voru þann 17. júlí 2019 miðuðu að því að vernda sérstæðar náttúruminjar, breytileika jarðmyndana og fossinn sjálfan, m.a. með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn, vegna fegurðar, sérkenna og útivistargildis svæðisins.

Alls bárust 3 athugasemdir og ábendingar á kynningartíma, frá Ferðamálastofu, Landvernd og Vegagerðinni.

Í erindi Ferðamálastofu kom fram að í ljósi þess að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, sem er í vörslu Ferðamálastofu, hefur undanfarin ár styrkt uppbyggingu við Goðafoss muni Ferðamálastofa ekki skila athugasemdum um fyrirhuguð áform.

Í erindi sínu lýsir Landvernd eindregnum stuðningi við friðlýsingu Goðafoss, enda er henni ætlað að vernda verðmætar náttúru- og menningarminjar í samræmi við lög. Landvernd bendir þó á að full ástæða er til að friðlýsa vatnasvið Skjálfandafljóts og mætti þessi friðlýsing ná til mun stærra svæðis. Landvernd telur að friðlýsing Goðafoss sé góð byrjun og vonast til þess að hún verði til þess að stærra svæði verði friðlýst.

Í umsögn Vegagerðarinnar er bent á að mörk friðlýsta svæðisins skv. auglýsingu um áform ná að og yfir hluta af Hringvegi og alveg að Bárðardalsvegi eystri. Vegagerðin óskar eftir því að mörk svæðisins nái ekki nær vegum en sem svarar veghelgunarsvæði þeirra. Með því er hægt að þjónusta vegi og sinna nauðsynlegu við-

haldi án þess að þurfa að leita til Umhverfisstofnunar í hvert skipti sem þess þarf. Viðhald og þjónusta veganna mun ekki hafa áhrif á verndarsvæðið. Í umsögninni er einnig bent á að Goðafossvegur liggur að áningarstað og er á vegaskrá og því í umsjón Vegagerðarinnar. Vegurinn er innan þess svæðis sem til stendur að vernda og því mikilvægt að Vegagerðin sé með í ráðum í friðlýsingarferlinu. Bent var á að friðlýsingin megi ekki vera þannig að hún hindri eðlilega þjónustu og viðhald á Goðafossvegi eða áningarstað. Þá er bent á að taka þurfi tillit til þess skipulags sem hefur verið gert fyrir ný bílastæði og þá þjónustu sem þeim fylgir.

Niðurstaða umfjöllunar um athugasemdir

Á fundi samstarfshóps um undirbúning að friðlýsingu Goðafoss þann 14. október 2019 var farið yfir þær athugasemdir sem bárust á kynningartíma. Hvað varðar ábendingu Landverndar um að full ástæða sé til að friðlýsa vatnasvið Skjálfandafljóts bendir hópurinn á að markmiðið með þeirri vinnu sem fer fram núna er að vernda ferðamannastað sem er undir miklu álagi. Áherslan er að þessu sinni því á Goðafoss og hans nánasta nágrenni og að ákvarðanir um aðrar friðlýsingar eru teknar á öðrum vettvangi.

Hvað varðar athugasemdir Vegagerðarinnar var ákveðið, að undangengnu samtali fulltrúa Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar að mörk svæðisins myndu vera sett nær en 30 m frá Hringvegi í samræmi við athugasemd Vegagerðarinnar, en við Bárðardalsveg yrðu mörkin sett nær vegi en 15 m þannig að bílastæði yrði allt innan náttúruvættisins. Slíkt er nauðsynlegt vegna stýringar ferðamanna á svæðinu. Hins vegar verði bætt inn ákvæði í friðlýsingarskilmála þess efnis að ekki þurfi leyfi Umhverfisstofnunar vegna viðhalds og þjónustu vegarins sem ekki hefur áhrif á verndargildi svæðisins. Ákveðið var að fulltrúi Umhverfisstofnunar myndi bera breytingarnar undir fulltrúa Vegagerðarinnar. Slíkt ákvæði ætti einnig við um Goðafossveg. Þá bendir hópurinn á að ekki stendur til að takmarka þjónustu við áningarstað eða Goðafoss að neinu leyti, enda eru mannvirkin ein af forsendum þess að fólk hafi kost á því að heimsækja svæðið og njóta þeirra náttúrugæða sem þar er að finna.

Mývatnssveit, 1. nóvember 2019

/UST202002-345

Hildur Vésteinsdóttir